

Dansandi fólk um alla Reykjavík

Eftir Ásgeir H. Ingólfsson
asgeirhi@mbl.is

NÚTÍMADANSHÁTÍÐ í Reykjavík 2007 er hátíð þar sem nútímadansverk á mismunandi stígum sköpunarferlisins eru sýnd og er hátíðin kjörin vettvangur fyrir nýja sköpun nútímadans. Hátíðin breiðir úr sér um borgina að degi til en á kvöldin finnur hátíðin sér samastað í Verinu við Nýlendugötu þar sem aðalsýningararnar eru. Á daginn verður hins vegar boðið upp á dansgöngur um götur Reykjavíkur þar sem dansað verður í búðargluggum og eldhúsum borgarinnar. Tvær göngur verða frá Austurvelli og hefst sú fyrri á föstudag kl. 17 og sú síðari á laugardag kl. 14 en báðar eru um klukkustundar langar. Hátíðin hefst í dag og lýkur sunnudaginn 2. september.

Dautt kjöt dansar

Ein þeirra sem eru með verk á hátíðinni er Margrét Sara Guðjónsdóttir. Hún lærði dans í Amsterdam og hefur búið þar og í Berlín undanfarnu ári. Hún hefur unnið með danshöfundum á borð við Jan Fabre, Thomas Lehmen, Eszter Salomon og Constanza Macras. Á hátíðinni sýnir hún verkið *Dead Meat*. „Þetta er verk sem ég og fleiri höfum verið að vinna að saman í Berlín þar sem við búum og höfum verið að vinna hjá flokki sem kallast Dorkypark. Þetta verk er brotkennt, þemað er vald og valdbeiting í ýmsum myndum,“ segir Margrét Sara sem vinnur verkið ásamt Sveinbjörgu Þórhallsdóttur og leikkonunum Ann Tismer og Rachel Savonbelli. Margrét Sara heldur til Suður-Ameríku í mánuð til að sýna og seinna til Japans þar sem hún mun vinna með hinni frönsku Gisele Vienne auk þess sem hún mun ferðast með verk hennar og Ernu Ómarsdóttur, *Mysteries of Love*, sem fékk Grímuna núna í vor.

En hver eru mörk dansleikhúss og annarra lista? „Það fer eftir því hver



Dans Margrét Sara Guðjónsdóttir sýnir verkið *Dead Meat* á hátíðinni en hún lærði dans í Amsterdam og hefur búið þar og í Berlín undanfarnu ári.

tekur þátt, það er ný stefna hjá sumum dönsurum þar sem fólk hikar ekki við að reyna að brjótast úr viðjum formsins, blanda því saman og vinna í samvinnu við mismunandi listamenn til að skapa eitthvað sem opnar nýjar viddir í staðinn fyrir að flokka sig niður í fyrirfram gefin hólf listanna. En eins og í öllum listum sýnt þetta allt um hvað er í hausnum á þér, inni í þér, og hvað fær að koma út.“

Myndbandsverk, sólóverk og játningar

Önnur verk á hátíðinni eru *Crystal*, verk eftir Alice Chauchat og Alix Eynaudi; sólóverk portúgalska dansarans Paulo Castro; Fred Gehrig sýnir sólóverk auk þess að vinna að verki með Nadiu Banine; Steinunn Ketils-

dóttir er með verk þar sem hún dansar með Brian Gerke og Cameron Corbett er einnig með verk. Þá mun Jóhann Freyr Björgvinsson sýna *Játningar minnisleysingjans* sem sýnt var í Klink og Bank síðasta vor og Ólöf Ingólfssdóttir mun verða með verk ætlað börnum. Peter Anderson hannar videodansverk sem sýnt verður víðsvegar á aðum veggjum bæjarins og gluggum verslana. Í forsal Borgarleikhússins verður sýnt videoverk eftir Jared Gradinger og það verður einnig sýnt víðsvegar um bæinn. Hægt er að kaupa miða sem gildir á alla hátíðina á 2.700 krónur en einnig má kaupa miða á staka viðburði.

www.dancefestival.is

Ljúft og leiftrandi

TÓNLIST

Gljúfrasteinn

Kammertónleikar ★★★★★

Beethoven: Fíðlusónata nr. 1 í D Op. 12.1. Kreisler. „Pugnani“ Preludium og Allegro. Guðný Guðmundsdóttir fíðla, Gerrit Schuil píanó. Sunnudaginn 26. ágúst kl. 16.

HEIMILISLEGASTA tónleikaröð höfuðborgarsvæðisins lauk sumarvertíðinni með 13. stofutónleikum í húsi skáldsins sl. sunnudag við húsfylli að vanda. Sem stundum áður sá maður ljóslifandi fyrir sér tónsamkvæmislíf fyrir tíma í dagstofunni, enda voru þar skv. beztu upplýsingum haldnir „soirée“-tónleikar að meginlandasið um og upp úr 1950 (þ.á.m. með þátttöku Rudolfs Serkin), jafnvel þótt annálúð fullkomunarhneigð nóbelskaldsins tónelska ku hafa bannað því beina þátttöku. Að votta skyldi fyrir stakri hálfklökkri nótu á Steinway-flyglinum gerði þetta bara enn heimilislegra – ekki sízt í ljósi hrópandi fágætis slíkra viðburða í einkahýlum okkar tíma.

Guðný Guðmundsdóttir, konsertmeistari SI, og hollenzki atgervisinnflytjandinn Gerrit Schuil fluttu fyrst 1. sönötu Beethovens frá 1798; verk í þáv. hefðbundnum *Hausmusik*-anda – þó að viðurkenna beri strax að gæðamælikvarði áhugasplara, er þá mynduðu meginmarkhóp tónskálda í þýzkumælandi löndum, hafi greinilega verið undrahár miðað við seinni tíma. Túlkunin var ljúf og afslöppuð við hæfi.

Síðan tók við tvíþætt „bravúra“-verk fíðlusnillingins Fritz Kreis-

lers kennt við ítalska síðklassíkfíðlaram Gaetano Pugnani (1731-98); einn margra „frumhöfunda“ er Kreisler skýldi sér löngum að baki í sjarmerandi smástykkjum sínum, þótt gengið hafi loks fram fyrir skjöldu 1935 og viðurkennt að þau væru alfarið hans smíðar eins og Guðný kynnti. Áhugasverðasta spurningin – *hvers vegna?* – hélzt þó enn sem fyrr ósvoruð.

Tónleikarnir mörkuðu jafnframt vígslu nýrrar dökkleitrar fíðlu Guðnýjar eftir Hans Jóhannsson fíðlu-

smíð – einn þeirra undra okkar dvergriks sem jafnvel í tugafalt fjölmennari löndum eru teljandi á fingrum. Í hverfandi endurómum þéttsetinnar dagstofu var að visu frekar takmarkað hvað hljóðfærið næði að njóta sín. En í átakameira verki Kreislers var þó auðheyrð að það barst mjög vel, og að styrkur og hljómgæði héldust hnífjöfn á öllu tónsviðinu í leiftrandi öruggri meðferð þeirra félagar.

Ríkarður Ö. Pálsson

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18:30 - 19:00
Brúnastaðir 25 - Raðhús



Sýnum í dag fallett og vandað 209,8 fm endaraðhús á einni hæð. Í húsinu eru 4 svefnhebergi, 2 stofur, tvö baðherbergi bæði með sturtu. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, einstaklega vel heppnuð innanhúshönnun er í þessu húsi. Sólfallur er í garði, skjólveggir og rafmagnsnuddpottur.

Jóhann frá Fasteign.is verður á staðnum. S 860 0399



FASTEIGNASALAN
fasteign.is SÍMI 5 900 800
Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.



Morgunblaðið/G. Rúnar

Undirskrift Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, Eggert Pétursson og Halldór J. Kristjánsson frá Landsbankanum.

Eggert Pétursson á Kjarvalsstöðum

LISTASAFN Reykjavíkur og Landsbankinn hafa gert með sér samkomulag um samstarf vegna stórrar yfirlitssýningar á verkum Eggerts Péturssonar á Kjarvalsstöðum sem opnuð verður 8. september.

Auk þess að styðja sýninguna með veglegu framlagi lánar Landsbankinn verk á sýninguna, en bankinn á eitt stærsta einstaka safn verka Eggerts.

Framlag Landsbankans gerir Listasafni Reykjavíkur kleift að gefa út bók um listamanninn en hluta framlagsins verður einnig varið í sýningargerðina sjálfa. Bókin, *Eggert Pétursson*, er 140 blaðsíður að lengd og hana prýða fjölmargar myndir af verkum listamannsins frá uppafi ferlisins.

Verk Eggerts á sýningunni spanna feril hans frá upphafi til dagsins í dag og hafa sum hver aldrei komið fyrir augu almennings áður. Sýning Eggerts Péturssonar stendur til 4. nóvember.

Salou

í september

Sértilboð - frábær gisting

frá kr. **34.995**

Aðeins örfáar íbúðir í boði



Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð með gistingu á Cye íbúðahótelinu í Salou eða Aqua & Golden hótelíbúðunum á Pineda ströndinni við Salou. Í Salou er Port Aventura skemmtigarðurinn og Aquapolis vatnsrennibrautagarðurinn er staðsettur í hjarta Pineda. Á báðum íbúðahótelunum eru nýlegar loftkældar íbúðir með góðum aðbúnaði fyrir gesti. Strönd, sól og skemmtun á frábæru verði.

Verð kr. **34.990**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð í viku á Cye eða Aqua & Golden. Aukavika kr. 14.000 á mann. Brottför 31. ágúst, 7., 14. eða 21. september.

Verð kr. **44.990**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í íbúð í viku á Cye eða Aqua & Golden. Aukavika kr. 14.000 á mann. Brottför 31. ágúst, 7., 14. eða 21. september.



Heimsferðir

MasterCard Munið Mastercard ferðaávisunina



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • www.heimsferdir.is



Fáðu úrslitin send í símann þinn

mbl.is